

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ásmundi Friðrikssyni um stuðning við foreldra barna með klofinn góum.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hyggst ráðherra bæta stöðu þeirra barna sem fæðast með klofinn góum en falla utan greiðsluþáttöku sjúkratrygginga þegar kemur að tannréttungakostnaði og fá þannig ekki endurgreiðslu samþykktá hjá Sjúkratryggingum Íslands? Hvenær má búast við aðgerðum af hálfu ráðherra í þágu þessara barna og foreldra þeirra?*

Tannlæknigar barna eru greiddar að fullu samkvæmt nágildandi greiðsluþáttökukerfi. Tannréttigar barna falla ekki undir greiðsluþáttökukerfið nema að hluta, þ.e. ungmenni sem byrja meðferð með föstum tækjum fyrir 21 árs aldur fá 150.000 kr. styrk úr sjúkratryggingum og þau ungmenni sem glíma við alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, fá 95% hluta af tannréttungakostnaði samkvæmt reikningi tannlækinis endurgreiddan úr sjúkratryggingum.

Þau börn sem fæðast með klofnn góum, mjúka eða harða eða með skarð í efri tannboga en falla utan greiðsluþáttöku sjúkratrygginga þegar kemur að tannréttungakostnaði teljast þá ekki vera með alvarlegar afleiðingar þess að hafa fæðst með klofnn góum eða með skarð í efri tannboga, eins og 1. mgr. 20. gr. laga um sjúkratryggingar áskilja og kveðið er á um í 1. tölul. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar um þáttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknigar, nr. 451/2013.

Hvað varðar börn sem fæðast með skörð geta þau náð stundum til vara, tanngarðs og góms með víðtækum afleiðingum fyrir tennur og bit en önnur skörð birtast aðeins sem vik í mjúkvef vara eða góms og hafa hverfandi eða engin áhrif á tennur eða þroska annarra vefja. Þörf barna sem fædd eru með skarð er misjafnlega mikil, sum þurfa umfangsmiklar tannréttigar en önnur engar.

Til að gæta að jafnræðisreglu stjórnsýslulaga þarf að meta sértækar aðgerðir til að bæta stöðu þeirra barna sem fæðast með klofnn góum en falla utan falla utan greiðsluþáttöku með heildstæðum hætti og er su vinna í gangi í heilbrigðisráðuneyti.